

Ályktanir aðalfundar NAUST um almanaksárin 2021/2022

Virkjanaáform

Líkt og á aðalfundi í ágúst 2021, hvetur NAUST til almennrar umræðu um orkumál og áform um aukna orkuvinnslu á Austurlandi. Forsenda þess að ráðast í nýjar virkjanir er að fyrir liggi hver raunveruleg þörf sé samhliða mati á orkudreifingu og orkunýtingu. Það er óásættanlegt að fórna náttúruperlum og víðerni auk þess að raska viðkvæmu jafnvægi í umhverfinu án þess að brýna nauðsyn beri til.

Í þessu sambandi kallar aðalfundur NAUST eftir að endurskoðaðir verði allir áhrifaþættir svokallaðra „smávirkjana“ allt að 9,9 MW. Umhverfisáhrif og umfang virkjana innan þessa stærðarflokks eru afar breytileg eftir staðháttum. Því eru megavött ómarktækt viðmið.

Náttúruverndarsamtök Austurlands gera kröfu um að allar nýjar virkjanir fari í umhverfismat og inn í rammaáætlun og að undanþágur verði aðeins veittar í tilvikum minniháttar virkjana til heimilisnota og smærri atvinnurekstrar til sveita. Stærsta fyrirhugaða vatnsaflsvirkjunin á Austurlandi um þessar mundir er virkjun Arctic Hydro á Sviðinhornahraunum og í Hamarsdal. NAUST hvetur sérstaklega til friðunar þeirra óbyggðu víðerna auk annarra sem eftir eru í fjórðungnum.

Enn fremur varar aðalfundur NAUST við stórtækum áformum um vindorkuver á starfssvæði félagsins. Vindorkuver spilla landslagi og hafa neikvæð áhrif á fuglalíf og vistkerfi auk þess að valda sjón- og hávaðamengun.

Laxeldi - Seyðisfjörður

Aðalfundur NAUST skorar á stjórnvöld að virða vilja meirihluta íbúa og falla frá áformum um laxeldi í Seyðisfirði í ljósi þeirra raka sem komið hafa fram, m.a. annmarka á Strandsvæðaskipulagi Austfjarða 2022.

Mófuglar

Aðalfundur NAUST skorar á sveitarfélög á Austurlandi, Skógræktina og aðra sem málið varðar að taka fullt tillit til mófugla landsins við skipulag landnotkunar og þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland er aðili að þar að lútandi. Í því sambandi skal bent á heimasíðuna „Mói – landnotkun og líffræðileg fjölbreytni“ sem Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi stendur fyrir: „Ísland er einkum mikilvægt fyrir vaðfugla því hér eru stórir stofnar og hátt hlutfall heimsstofna nokkurra vaðfuglategunda sem flestum fækkar á heimsvísu“. Þar kemur einnig fram að t.d. fimmtungur heimsstofns jaðrakanna verpur á Íslandi, þriðjungur spóa og helmingur heiðlóa.

Fjörur

Aðalfundur NAUST hvetur sveitarfélög sem eiga land að sjó að tryggja hreinsun og aðgengi íbúa í þéttbýli að fjörum og ströndum. Steingarðar breyta víða lífríki fjörunnar og loka aðgengi að þeim bæði fyrir fólk og fugla. Aðalfundur beinir því til sveitarfélaga að halda fjörum aðgengilegum og hreinum bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Innleiðing hringrásarhagkerfis

Aðalfundur NAUST fagnar vinnu þeirra sem stuðla að innleiðingu hringrásarhagkerfis á Austurlandi. Ánægjulegt er að sjá slíka þróun í fjórðungnum.

Áskorun til íbúa Austurlands um vernd umhverfis

Aðalfundur NAUST biður alla íbúa fjórðungsins um að taka orkusparnað og orkuskipti til sín. Hlýnun jarðar af völdum mannkyns ógnar umhverfi okkar og um leið lífsskilyrðum.

Óásættanlegt er hvað við flytjum inn frá fjarlægum löndum mikið af jarðolíu og losum þá kolefni í andrúmsloftið frá skipaflota, ökutækjum og fleiru. Viðameiri orkuframleiðsla hér á svæðinu skerðir einnig náttúrufegurð og fjölbreytni plöntu- og dýralífs. Kjörorð okkar allra skal sem oftast vera: Göngum, hjólum og hugum að neyslu. Minnkum vistspor og orkusóun við hvert tækifæri.